Docusign Envelope ID: F16FFBB5-FFBF-82A1-81E9-BF9576F8AA8F

FRAMFARAFÉLAG VESTFJARÐA

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

9. nóvember 2026

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á náttúruverndarlögum, mál S-213/2026

Framfarafélag Vestfjarða („**FV**“ eða „**félagið**“) hefur tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, mál S-213/2026 („**frumvarpið**“).

FV tekur undir markmið frumvarpsins um vernd náttúru og menningarminja, örugga umferð ferðafólks og skýrari stjórnsýslu. Félagið vill þó leggja áherslu á að öflugt atvinnulíf, fjárfestingar og verðmætasköpun séu undirstöður framfara í sjávarbyggðum Vestfjarða. Nýting náttúruauðlinda, meðal annars í ferðaþjónustu og sjávarútvegi, skapar þar fjölbreytt tækifæri. Félagið telur að löggjöf eigi að tryggja skýrar leikreglur en ekki leggja meiri byrðar á atvinnustarfsemi en nauðsynlegt er. Þegar lagðar eru til nýjar takmarkanir eða aukin leyfisskylda telur FV mikilvægt að sýnt sé fram á þörf fyrir slíkar ráðstafanir og að þær séu í samræmi við umfang þess vanda sem þeim er ætlað að leysa. Með þetta að leiðarljósi gerir FV eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

1. Landtaka farþega á friðlýstum svæðum (2. gr.)

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að landtaka farþega af skemmtiferða- og leiðangursskipum á friðlýstum svæðum utan skilgreindra hafna verði háð leyfi Náttúruverndarstofnunar. Samkvæmt greinargerðinni tekur leyfisskyldan ekki til landtöku innan skilgreindra hafna. FV bendir á að skipulagðar heimsóknir á náttúrusvæði geta skapað tekjur og ný verkefni fyrir staðbundna leiðsögumenn og ferðaþjónustufyrirtæki. Mikilvægt er að ný leyfisskylda takmarki ekki slíka starfsemi umfram það sem málefnaleg verndar- og öryggissjónarmið krefjast.

FV telur að ekki hafi verið sýnt nægilega fram á nauðsyn þess að innleiða sérstaka leyfisskyldu vegna landtöku farþega á friðlýstum svæðum. Í greinargerð frumvarpsins er vísað til aukinnar umferðar skemmtiferða- og leiðangursskipa og mögulegs álags á náttúru, en ekki verður séð að þar séu lagðar fram tölulegar upplýsingar um umfang landtöku á þeim friðlýstu svæðum sem ákvæðið tekur til eða um raunverulegt náttúrurask af völdum slíkrar landtöku. Þá liggur ekki nægilega skýrt fyrir hvort núverandi lagaheimildir hafi reynst ófullnægjandi til að bregðast við slíkum vanda.

Docusign Envelope ID: F16FFBB5-FFBF-82A1-81E9-BF9576F8AA8F

Félagið telur mikilvægt að áður en nýjar takmarkanir eru lögfestar sé sýnt fram á að um raunverulegt og viðvarandi vandamál sé að ræða og að umfang þess réttlæti sérstaka lagasetningu. Almenn vísun til fjölgunar skemmtiferðaskipa er ekki ein og sér nægilegur rökstuðningur fyrir nýrri leyfisskyldu sem tekur aðeins til afmarkaðrar starfsemi á þegar friðlýstum svæðum. Að öðrum kosti er hætta á að skapaðar verði nýjar stjórnsýslulegar hindranir fyrir ferðaþjónustu án þess að sýnt hafi verið fram á nauðsyn þeirra.

Frumvarpið heimilar ráðherra að setja reglugerð meðal annars um umsóknarferli og gildistíma leyfa. Verði fyrirhuguð leyfisskylda lögfest þrátt fyrir framangreinda fyrirvara telur FV mikilvægt að þar verði kveðið á um skýra afgreiðslufresti og einfalt ferli. Ferðir skemmtiferða- og leiðangursskipa eru gjarnan skipulagðar með löngum fyrirvara og óvissa um leyfisveitingar getur torveldað skipulag ferða og haft fælandi áhrif á val útgerðaraðila á viðkomustöðum.

Þá ætti að vera unnt að veita leyfi fyrir heila vertíð eða fleiri sambærilegar heimsóknir þegar aðstæður og umfang starfseminnar er óbreytt, með heimild til endurskoðunar ef forsendur breytast.

FV telur mikilvægt að við afgreiðslu leyfa sé jafnframt horft til efnahagslegra áhrifa á nærliggjandi byggðarlög. Þegar fyrirhugað er að synja um leyfi eða setja skilyrði sem kunna að hafa veruleg áhrif á atvinnustarfsemi ætti að leita sjónarmiða viðkomandi sveitarfélags og staðbundinna ferðaþjónustuaðila. Með því væri betur tryggt að ákvarðanir byggðust á heildstæðu mati á aðstæðum og hagsmunum á hverjum stað.

2. Uppbygging innviða á ferðamannastöðum (11. gr.)

Með 11. gr. er lagt til að ákvæði um landsáætlun um innviði verði færð í náttúruverndarlög og að Náttúruverndarstofnun undirbúi þriggja ára verkefnaáætlun. Breytingunni er ætlað að einfalda fyrirkomulagið og skýra ábyrgð. FV gerir ekki athugasemd við það, en telur að forgangsröðun taki mið af aðstæðum í dreifðri byggð og mögulegum áhrifum á ferðaþjónustu. Á Vestfjörðum geta jafnvel hóflegar framkvæmdir, svo sem göngustígar, merkingar og salerni, bætt aðgengi og skapað ný tækifæri í atvinnurekstri.

Verkefnaáætlunin nær samkvæmt frumvarpinu aðeins til lands í umsjón ríkisaðila. Sveitarfélög og einkaaðilar geta almennt sótt um styrki í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. FV leggur áherslu á að sú verkaskipting verði skýr, að verkefni þessara aðila samræmist og að sjónarmið sveitarfélaga um staðbundnar þarfir komi fram við forgangsröðun. Jafnframt þarf að huga að fjármögnun viðhalds svo opinberar fjárfestingar nýtist til lengri tíma og styðji við framtak ferðaþjónustuaðila.

3. Friðlýsing og friðun í hafi (3. og 10. gr.)

Í 3. og 10. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á málsmeðferð við friðlýsingu og friðun í hafi. Heimildir til friðlýsingar í hafi eru þegar fyrir hendi í náttúruverndarlögum og telur FV því mikilvægt að skýrt sé hvaða annmörkum á núverandi lagaumhverfi fyrirhuguðum

Docusign Envelope ID: F16FFBB5-FFBF-82A1-81E9-BF9576F8AA8F

breytingum sé ætlað að bæta. Að mati félagsins ætti ekki að ráðast í breytingar á slíkum heimildum eða málsmeðferð nema sýnt sé fram á nauðsyn þeirra og áhrif þeirra á atvinnustarfsemi hafi verið metin.

FV bendir á að nýting hafsvæða er ein af undirstöðum atvinnulífs og verðmætasköpunar á Vestfjörðum. Félagið telur því mikilvægt að við ákvarðanir um friðlýsingu og friðun sé tekið fullt tillit til þeirrar atvinnustarfsemi sem byggist á sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda. Slíkar ákvarðanir geta haft áhrif á rekstrarskilyrði fyrirtækja og möguleika til framtíðaruppbyggingar og þurfa því að byggjast á skýrum og málefnalegum forsendum.

FV gerir jafnframt athugasemd við fyrirhugaða breytingu á aðkomu ráðherra sjávarútvegsmála að málsmeðferð vegna friðunar í hafi. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að leitað verði álits ráðherrans í stað þess samráðs sem gildandi lög mæla fyrir um. Félagið telur að rökstyðja þurfi sérstaklega nauðsyn þeirrar breytingar og skýra hvaða áhrif hún kann að hafa á vægi sjávarútvegssjónarmiða við ákvarðanatöku. FV telur ekki rétt að breyta núverandi fyrirkomulagi án þess að sýnt verði fram á að breytingin sé nauðsynleg og að hagsmunir atvinnugreina sem byggja á nýtingu sjávarauðlinda verði áfram tryggðir með fullnægjandi hætti.

Við undirbúning friðlýsingar eða friðunar sem kann að hafa áhrif á sjávarútveg, fiskeldi eða aðra atvinnustarfsemi leggur FV áherslu á að efnahagsleg og byggðaleg áhrif verði metin og sjónarmið viðkomandi sveitarfélaga og rekstraraðila komi fram á undirbúningsstigi. Jafnframt telur félagið mikilvægt að gætt sé meðalhófs og kannað hvort unnt sé að ná markmiðum verndarráðstafana með vægari úrræðum. Takmarkanir á nýtingu hafsvæða þurfa að byggjast á skýrum verndarmarkmiðum og traustum gögnum um verndarþörf viðkomandi svæðis. Ekki ætti að ganga lengra í takmörkunum á atvinnustarfsemi en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum.

Fyrirsjáanleiki um nýtingu hafsvæða skiptir verulegu máli fyrir atvinnugreinar þar sem fjárfestingar eru umfangsmiklar og uppbygging byggist á langtímaáætlunum.

4. Niðurstaða

FV leggur áherslu á að lagabreytingarnar tryggi skýrar leikreglur án óþarfa hindrana fyrir atvinnustarfsemi. Félagið telur sérstaklega mikilvægt að sýnt verði fram á raunverulega þörf fyrir nýja leyfisskyldu vegna landtöku farþega skemmtiferða- og leiðangursskipa á friðlýstum svæðum áður en slík skylda er lögfest, og að leyfisferlið verði einfalt og fyrirsjáanlegt verði hún innleidd, að innviðafjárfestingar taki mið af þörfum landsbyggðarinnar og að atvinnu- og byggðaáhrif séu metin við undirbúning friðlýsingar og friðunar í hafi.

FV leggur jafnframt áherslu á að rökstudd verði fyrirhuguð breyting á aðkomu ráðherra sjávarútvegsmála að friðun í hafi og að sjónarmið þeirra atvinnugreina sem byggja á nýtingu sjávarauðlinda hafi raunverulegt vægi við ákvarðanatöku. Verði ekki sýnt fram á nauðsyn breytingarinnar telur félagið rétt að falla frá henni.

Docusign Envelope ID: F16FFBB5-FFBF-82A1-81E9-BF9576F8AA8F

Með því er hægt að gæta verndarhagsmuna án þess að þrengja að frumkvæði, fjárfestingum og verðmætasköpun á Vestfjörðum.

Fyrir hönd **Framfarafélags Vestfjarða**,

DocuSigned by:
Guðmundur Fertram Sigurjónsson
9100A23561D4480...

Guðmundur Fertram Sigurjónsson